



Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2023

Starfsemi og starfsmenn


Eitrunarmiðstöðin (EM) starfaði á Bráða- og Lyfjapjónustusviði Landspítala 2023. Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrana til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra. Klínískir lyfjafraeðingar svara í eitrunarsímann milli kl. 08-20 og Bráðamóttakan (BM) þess á milli. Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla allan sólarhringinn allt árið um kring.

Tölfræði og yfirlit símtala í eitrunarsímann

Yfirlit yfir fyrirspurnir árið 2023

Árið 2023 voru skráð símtöl í eitrunarsímann **2942** og árið 2022 **2528** símtöl (14% aukning á milli ára).

45% símtalanna komu frá körlum og 42% frá konum. Ekki var skráð kyn þess sem hringdi í um 13% tilvika.




52 % fyrirspurna voru vegna lyfjaeitrana og 35 % vegna annarra eiturefna. Almennar fyrirspurnir voru 8 % og óskráðar 5%.

Af **2942** símtölum þá voru 74% símtala/fyrirspurna afgreidd í símtalinu, um 4% erinda var vísað á heilsugæslu og um 20% var vísað á bráðamóttökur.

Um 42% fyrirspurna komu frá foreldrum, um 12% símtala voru frá læknum á sjúkrahúsum, heilsugæslum eða bráðamóttökum, um 32% hringdu sjálfir og um 3% símtala voru frá mökum.

Helstu íkomuleiðir:



Ástæða:

Símtölum vegna sjálfsskaða fækkaði aðeins og voru þau um 8% (fækkun um 0,5%) símtala en símtölum vegna rangrar lyfjagjafa fjölgaði mikið og voru um 19% (fjölgun um 4%). Símtöl vegna óhappa voru 61%, aukaverkana 2%, milliverkana 1% og misnotkunar 7% (aukning um 2%).

Hvaðan bárust símtölin?



Dreifing símtala vfir daginn í %

	kl. 8-16	kl. 16-24	kl. 24-8
2019	37	53	10
2020	42	50	8
2021	36	57	7
2022	36	60	4
2023	36	56	8

Tegund eitrunar og aldursdreifing:

Tegund eitrunar	(%)
Lyfjaeitranir	52
Önnur eiturefni	35
Almennar fyrirspurnir	8
Ekki skráð	5
Aldursdreifing	(%)
Aldraðir eldri en 75 ára	4
Aldraðir 66 – 75 ára	5
Fullorðnir (18-65 ára)	38
Unglingar/börn 13-17 ára	8
Börn 5-12 ára	8
Börn 4 ára og yngri	34
Ekki skráð	3

Algengustu lyfin sem hringt var út af:

Heiti lyfs	Fjöldi (%)
Geðlyf	14
Parasetamól	12
Flogaveikilyf	10
Nikótínlyf/vörur	8
Ofvirknilyf	7
Veik verkjalyf (NSAIDs)	7
Ofvirknilyf	7
Sterk verkjalyf/Opíóíðar	6
Vítamín og járn	6
Svefnlyf	4

Sýklalyf	4
Hjartasjúkdómalyf	4
Andhistamín	4
Hormónalyf	3
Annað	2
Ekki skráð	2

Algengustu eiturefnin sem hringt var út af:

Eiturefni:	%
Hreinsiefni til heimilisnota	30
Eitraðar lofttegundir	23
Snyrti- og hreinlætisvörur	10
Matur	6
Hreinsiefni sterk	6
Lífræn leysiefni	6
Plöntur	5
Málning	4
Rafhlöður	4
Skordýra og/eða illgresiseitur	3
Eitruð alkahól	2
Ilmolíur	<1
Sveppir	<1
Annað	<1
Annað er m.a.: glowstick, stjörnuljós, blákorn, kvikasilfur.	